

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 744/2010

frá 18. ágúst 2010

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, að því er varðar neyðarnotkun á halónum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 frá 16. september 2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Halón 1301, halón 1211 og halón 2402 (hér á eftir nefnd „halón“) eru ósoneyðandi efni sem eru skráð sem takmörkunarskyld efni í III. flokki í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1005/2009. Framleiðsla þeirra hefur verið bönnuð í aðildarríkjunum frá 1994, í samræmi við kröfurnar í Montreal-bókuninni. Hins vegar er notkun þeirra enn leyfð fyrir tiltekna neyðarnotkun eins og segir í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1005/2009.
- 2) Eins og krafist er í iv. lið 4. mgr. 4. gr. í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósonlaginu ⁽²⁾ hefur framkvæmdastjórnin endurskoðað VII. viðauka við þá reglugerð. Í því skyni hefur hún metið núverandi notkun á halónum og framboð og innleiðingu á tæknilega mögulegum og efnahagslega hagkvæmum staðgönguefnum eða tækni sem er viðunandi út frá umhverfis- og heilbrigðissjónarmiðum (hér á eftir nefnt „staðgöngukostir“). Í millitíðinni hefur reglugerð (EB) nr. 1005/2009 komið í stað reglugerðar (EB) nr. 2037/2000 og VII. viðauki við reglugerð (EB) nr. 2037/2000 orðið að VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1005/2009 án breytinga.
- 3) Í endurskoðuninni kom fram nokkuð ósamræmi á milli aðildarríkja að því er varðar túlkun á því hvaða notkun á halónum teljist til neyðarnotkunar eins og lýst er í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1005/2009. Því skal lýsa hverri notkun halóna með meiri nákvæmni og tilgreina flokk búnaðar eða starfsstöðvar, tilgang notkunarinnar, tegund halónslökkvitækis og tegund halóns.
- 4) Í endurskoðuninni kom einnig fram að með fáum undantekningum eru halón ekki lengur nauðsynleg til að uppfylla þarfir fyrir brunavarnir í nýrri hönnun búnaðar og á nýjum starfsstöðvum og að alvanalegt er að settir séu upp staðgöngukostir. Hins vegar eru halónslökkvitæki og -brunavarnarkerfi áfram nauðsynleg í tilteknum búnaði sem er, eða mun verða, framleiddur samkvæmt fyrirbyggjandi hönnun.
- 5) Í endurskoðuninni kom einnig fram að verið er eða hægt er að skipta halónum út smám saman fyrir staðgöngukosti með hóflegum kostnaði að því er varðar flesta notkun til brunavarna, hvort sem þau eru hluti af fyrirbyggjandi búnaði og starfsstöðvum eða í búnaði sem er í framleiðslu samkvæmt fyrirbyggjandi hönnun.

⁽¹⁾ Sjáúð. ESB L 286, 31.10.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Sjáúð. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1.

- 6) Því er rétt, í ljósi aukins framboðs og innleiðingar á staðgöngukostum, að koma á tímamörkum fyrir hverja notkun en að þeim liðnum myndi notkun halóna í nýjum búnaði og á nýjum starfsstöðvum ekki vera neyðarnotkun og uppsetning á halónslökkvitækjum eða -brunavarnarkerfum væri því ekki leyfð. Þegar „nýr búnaður“ og „nýjar starfsstöðvar“ eru skilgreind skal taka tilhlýðilegt tillit til þess þreps í vistferli búnaðarins og starfsstöðvanna þegar hönnun rýmisins, sem þarf að verja fyrir bruna, er í rauninni orðin fastsett.
- 7) Einnig þykir rétt að setja lokadagsetningu fyrir hverja notkun en að henni liðinni myndi notkun á halónum í slökkvitækjum eða brunavarnarkerfum í öllum búnaði og á öllum starfsstöðvum, hvort sem er í búnaði og á starfsstöðvum sem þegar eru í notkun eða í búnaði sem er eða verður framleiddur samkvæmt fyrirbyggjandi hönnun, hætta að teljast vera neyðarnotkun. Notkun halóna myndi því ekki vera leyfð og skipta þyrfti út öllum halónslökkvitækjum og -brunavarnarkerfum, breyta þeim eða ónýta fyrir þá lokadagsetningu, í samræmi við 3. mgr. 13. gr. í reglugerð (EB) nr. 1005/2009.
- 8) Tímamörkin skulu miðast við framboð á staðgöngukostum fyrir nýjan búnað og nýjar starfsstöðvar og hindranir á innleiðingu þeirra. Með tímamörkunum skal einnig sjá til þess að nægilegur tími gefist til að þróa staðgöngukosti ef slíkt er nauðsynlegt, jafnframt því að hvetja til slíkrar þróunarvinnu. Að því er varðar loftför skal, þar eð alþjóðlegar reglur gilda um almenningssflug, taka tilhlýðilegt tillit til frumkvæðis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að því er varðar uppsetningu og notkun á halónum í slökkvitækjum um borð í loftförum.
- 9) Með lokadagsetningunum skal enn fremur sjá til þess að nægur tími gefist til að ljúka útskiptingu halóna eða umbreytingum sem hluta af venjubundnu eða fyrirhuguðu viðhaldi búnaðar eða starfsstöðva eða af endurnýjunaráætlunum, án þess að hafa óþarfa áhrif á notkun viðkomandi búnaðar eða starfsstöðva og án þess að skapa óhóflegan kostnað. Einnig skal taka tillit til þess tíma sem þarf til að fá vottun, leyfi eða viðurkenningu sem kann vera að sé krafist vegna uppsetningar á staðgöngukostum í viðkomandi búnaði eða starfsstöðvum.
- 10) Rétt þykir að miða tímamörkin fyrir megnið af notkun á nýjum búnaði og starfsstöðvum, þar sem halónslökkvitæki og -brunavarnarkerfi eru ekki lengur nauðsynleg eða hætt hefur verið að setja þau upp, við árið 2010. Hins vegar þykir rétt að miða tímamörkin fyrir tiltekna notkun í herökutækjum til notkunar á landi og í herloftförum, sem nú er litið svo á að staðgöngukostir séu í boði fyrir en hafa ekki verið innleiddir sem hluti af þróunaráætlunum sem nú er um það bil að ljúka og sem vera kann að ekki sé lengur tæknilega mögulegt eða efnahagslega hagkvæmt að breyta, við árið 2011. Rétt þykir að miða tímamörkin fyrir notkun í handslökkvitækjum í hreyfilshúsum og farþegarýmum loftfara við árið 2014, sem myndi samsvara tímarammanum fyrir fyrirhugaða innleiðingu á jafngildri takmörkun á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Rétt þykir að miða tímamörkin fyrir notkun í farmrými loftfara sem enn er ekki búið að finna staðgöngukosti fyrir en með góðu móti má búast við, í kjölfar frekari rannsókna og þróunarstarfsemi, að staðgöngukostir muni verða í boði fyrir lok þeirra tímamarka til uppsetningar í nýjum loftförum, sem sótt er um tegundarvottun fyrir, við árið 2018.
- 11) Fyrir margar tegundir notkunar þykir rétt að miða lokadagsetningar við árabilið 2013 til 2025, eftir því hversu tæknilega og efnahagslega erfitt það er að skipta út halónum eða breyta yfir í staðgöngukosti. Með þeim lokadagsetningum skal gefa nægan tíma til að skipta út halónum í reglubundnum viðhaldsáætlunum í flestum búnaði og starfsstöðvum þar sem staðgöngukostir eru þegar í boði. Rétt þykir að miða lokadagsetningar við 2030 eða 2035 fyrir tiltekna notkun í herökutækjum til notkunar á landi og í herskipum þegar líklegt er að útskipting halóna sé einungis tæknilega möguleg og efnahagslega hagkvæm sem hluti af fyrirhugaðri uppfærslu á búnaði eða standsetningaráætlunum og nauðsynlegt kann að vera að leggja í viðbótarrannsóknir og -þróunarstarfsemi í sumum aðildarríkjum til að sannreyna hvort staðgöngukostirnir henti.
- 12) Fyrir suma notkun í herökutækjum sem þegar eru í notkun, í fljótandi herskipum sem þegar eru í notkun, í herkaftátum sem þegar eru í notkun, í herloftförum sem þegar eru í notkun og í slíkum búnaði sem er eða mun verða framleiddur samkvæmt fyrirbyggjandi hönnun, hafa enn ekki fundist staðgöngukostir. Hins vegar má með góðu móti búast við að mikill hluti af viðkomandi búnaði hafi náð endalokum nýtingartíma síns fyrir árið 2040 eða að staðgöngukostir verði í boði fyrir þann tíma, í kjölfar frekari rannsókna og þróunarstarfsemi. Því er réttmætt að miða lokadagsetninguna fyrir þá notkun við árið 2040.

- 13) Að því er varðar brunavarnarkerfi í farmrymum, hreyfilshúsum og aukaafstöðvum almenningsloftfara, sem þegar eru í notkun eða sem er verið að framleiða samkvæmt fyrirbyggjandi tegundarvottun, hafa enn ekki fundist staðgöngukostir. Enn fremur verður haldið áfram að framleiða umtalsverðan fjölda almenningsloftfara með halónum og þörf verður fyrir þau til þessarar notkunar í fyrirsjáanlegri framtíð. Þótt viðurkennt sé að umtalsverðar tæknilegar, efnahagslegar og lagalegar hömlur hafi áhrif á útskiptingu halóna til þessarar notkunar er einnig viðeigandi og, með tilliti til óvissunnar um langtímaframboð á endurunnum halónum og þarfarinnar fyrir viðbótarrannsóknir og þróunarstarfsemi til að finna og þróa hentuga staðgöngukosti, réttmætt að miða lokadagsetningu við árið 2040.
- 14) Ákvæði VI. viðauka, þ.m.t. tímarammar til að hætta neyðarnotkun í áföngum, verður í stöðugri endurskoðun til að taka tillit til áframhaldandi rannsókna og þróunar á staðgöngukostum og nýrra upplýsinga um framboð þeirra. Enn fremur má veita undanþágur frá lokadagsetningum og tímamörkum í sérstökum tilvikum þegar sýnt er fram á að enginn staðgöngukostur sé í boði.
- 15) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1005/2009 til samræmis við það.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1005/2009.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Í stað VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1005/2009 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. ágúst 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

„VI. VIÐAUKI

NEYÐARNOTKUN HALÓNA

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „Tímamörk“: tiltekin dagsetning en að henni liðinni má ekki nota halón í slökkvitæki eða brunavarnarkerfi til viðkomandi notkunar í nýjum búnaði eða starfsstöðvum.
- „Nýr búnaður“: búnaður sem, þegar tímamörkunum lýkur, hvorugt eftirfarandi hefur verið gert fyrir:
 - undirritun viðeigandi kaup- eða þróunarsamnings,
 - framlagning beiðni um tegundarsamþykki eða tegundarvottun til viðeigandi stjórnvalds.
- „Nýjar starfsstöðvar“: starfsstöðvar sem, þegar tímamörkunum lýkur, hvorugt eftirfarandi hefur verið gert fyrir:
 - undirritun viðeigandi þróunarsamnings,
 - framlagning beiðni um byggingarleyfi til viðeigandi stjórnvalds.
- „Lokadagsetning“: tiltekin dagsetning en að henni liðinni skal ekki nota halón til viðkomandi notkunar og búið skal vera, fyrir hana, að ónýta slökkvitæki eða brunavarnarkerfi sem innihalda halón.
- „Sprengivörn“: þegar komið er í veg fyrir bruna í eldfimu eða sprengifimu andrúmslofti með því að bæta við hamlandi eða þynnandi efni.
- „Flutningaskip“: skip sem er ekki farþegaskip, hefur heildarþyngd yfir 500 tonnum og leggur upp í millilandasiglingu í samræmi við skilgreininguna á þessum hugtökum í alþjóðasamningnum um öryggi mannlífa á hafinu. Í alþjóðasamningnum um öryggi mannlífa á hafinu er „farþegaskip“ skilgreint sem „skip sem flytur fleiri en 12 farþega“ og „millilandasigling“ sem „sigling frá landi sem þessi samningur gildir um, til hafnar utan þess lands, eða öfugt“.
- „Rými, þar sem fólk er að jafnaði“: varið svæði þar sem nauðsynlegt er að fólk sé að jafnaði, eða alltaf, til að búnaðurinn eða starfsstöðin virki á réttan hátt. Að því er varðar hernaðarnotkun mundi íverustaða verndaða rýmisins vera sú sama og gildir þegar bardagi stendur yfir.
- „Rými, þar sem fólk er að jafnaði ekki“: varið svæði sem fólk er einungis á í takmarkaðan tíma, einkum til að sinna viðhaldi, og þar sem stöðug ívera fólks er ekki nauðsynleg til að búnaðurinn eða starfsstöðin virki á réttan hátt.

NEYÐARNOTKUN HALÓNA

Notkun				Tímamörk (31. desember á uppgefnu ári)	Lokadagsetning (31. desember á uppgefnu ári)
Flokkur búnaðar eða stafsstöðvar	Tilgangur	Tegund slökkvitekis	Tegund halóns		
1. Í herökutækjum til notkunar á landi	1.1. Til að verja vélarrými	Fast kerfi	1301 1211 2402	2010	2035
	1.2. Til að verja áhafnarklefa	Fast kerfi	1301 2402	2011	2040

NEYÐARNOTKUN HALÓNA

Notkun				Tímamörk (31. desember á uppgefnu ári)	Lokadagsetning (31. desember á uppgefnu ári)
Flokkur búnaðar eða stafsstöðvar	Tilgangur	Tegund slökkvitækis	Tegund halóns		
	1.3. Til að verja áhafnarklefa	Handslökkvitæk i	1301 1211	2011	2020
2. Í fljótandi herskipum	2.1. Til að verja rými í vélarúmum þar sem fólk er að jafnaði	Fast kerfi	1301 2402	2010	2040
	2.2. Til að verja rými í vélarúmum þar sem fólk er að jafnaði ekki	Fast kerfi	1301 1211 2402	2010	2035
	2.3. Til að verja rafmagnshólf þar sem fólk er að jafnaði ekki	Fast kerfi	1301 1211	2010	2030
	2.4. Til að verja stjórnstöðvar	Fast kerfi	1301	2010	2030
	2.5. Til að verja eldsneytisdælurými	Fast kerfi	1301	2010	2030
	2.6. Til að verja hólf þar sem eldfimir vökvar eru geymdir	Fast kerfi	1301 1211 2402	2010	2030
	2.7. Til að verja loftför í flugskýlum og á viðhaldssvæðum	Handslökkvitæk i	1301 1211	2010	2016
3. Í herkabátum	3.1. Til að verja vélarúm	Fast kerfi	1301	2010	2040
	3.2. Til að verja stjórnstöðvar	Fast kerfi	1301	2010	2040
	3.3. Til að verja ljósavélarými	Fast kerfi	1301	2010	2040
	3.4. Til að verja rafmagnshólf	Fast kerfi	1301	2010	2040
4. Í loftförum	4.1. Til að verja farmrými þar sem fólk er að jafnaði ekki	Fast kerfi	1301 1211	2018	2040

NEYÐARNOTKUN HALÓNA

Notkun				Tímamörk (31. desember á uppgefnu ári)	Lokadagsetning (31. desember á uppgefnu ári)
Flokkur búnaðar eða stafsstöðvar	Tilgangur	Tegund slökkvitækis	Tegund halóns		
			2402		
	4.2. Til að verja farþegarymi og áhafnarklefa	Handslökkvitæk i	1211 2402	2014	2025
	4.3. Til að verja hreyfilshús og aukaafllstöðvar	Fast kerfi	1301 1211 2402	2014	2040
	4.4. Til sprengivarna í eldsneytisgeymum	Fast kerfi	1301 2402	2011	2040
	4.5. Til að verja sorpilát á salernum	Fast kerfi	1301 1211 2402	2011	2020
	4.6. Til að verja þurrými	Fast kerfi	1301 1211 2402	2011	2040
5. Í olíu-, gas- og jarðolíu- og jarðgasstöðvum	5.1. Til að verja rými þar sem eldfimur vökvi eða gas getur lekið út	Fast kerfi	1301 2402	2010	2020
6. Í flutningaskipum sem flytja verslunarvöru	6.1. Til sprengivarna í rými, þar sem fólk er að jafnaði, þar sem eldfimur vökvi eða gas getur lekið út	Fast kerfi	1301 2402	1994	2016
7. Í stjórn- og fjarskiptastöðvum á landi sem eru ómissandi fyrir þjófbaröryggi	7.1. Til að verja rými þar sem fólk er að jafnaði	Fast kerfi	1301 2402	2010	2025
	7.2. Til að verja rými þar sem fólk er að jafnaði	Handslökkvitæk i	1211	2010	2013
	7.3. Til að verja rými þar sem fólk er að jafnaði ekki	Fast kerfi	1301 2402	2010	2020
8. Á flugvöllum og í flughöfnum	8.1. Fyrir flugslysabjörgunarökutæki	Handslökkvitæk i	1211	2010	2016

NEYÐARNOTKUN HALÓNA

Notkun				Tímamörk (31. desember á uppgefnu ári)	Lokadagsetning (31. desember á uppgefnu ári)
Flokkur búnaðar eða stafsstöðvar	Tilgangur	Tegund slökkvitækis	Tegund halóns		
	8.2. Til að verja loftför í flugskýlum og á viðhaldssvæðum	Handslökkvitæk i	1211	2010	2016
9. Í kjarnorkuverum og á kjarnorkurannsókn arstöðvum	9.1. Til að verja svæði þar sem nauðsynlegt er að draga úr hættu á að geislavirk efni dreifist um	Fast kerfi	1301	2010	2020
10. Í Ermarsundsgöngun um	10.1. Til að verja tæknilegar starfsstöðvar	Fast kerfi	1301	2010	2016
	10.2. Til að verja eimreiðar og flutningavagna lestanna sem fara um Ermarsundsgöngin	Fast kerfi	1301	2010	2020
11. Annað	11.1. Fyrir slökkvilið við frumslökkvistarf þegar slíkt i er nauðsynlegt til að tryggja öryggi manna	Handslökkvitæk i	1211	2010	2013
	11.2. Fyrir her- og lögreglumenn til að verja öryggi manna	Handslökkvitæk i	1211	2010	2013“